



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á Búnaðarþingi  
í Bændahöllinni í Reykjavík  
22. mars 2021**

Ágætu forsætisráðherra,  
ráðherrar, alþingismenn  
og fulltrúar á Búnaðarþingi.

Ég þakka þann heiður að ávarpa þingið við upphaf þess. Fulltrúa á Búnaðarþingi bíður það verkefni að ráða í framtíðina, finna leiðir til að efla íslenskan landbúnað þannig að þjóðin öll njóti góðs af, í ríkri sátt við móður náttúru sem sýnir nú heldur betur sinn ægimátt þessa dagana. Við skulum vona að allt fari vel í Geldingadöllum og nágrenni. Því má gjarnan halda til haga hvernig nafnið er til komið, að geldingar Ísólfis á Skála hafi leitað í þessa grasflöt, sem nú hverfur undir hraun. Og elfan rann líka yfir þúst nokkra á sléttunni þar sem sagan segir að Ísólfur hafi verið heygður. Svona breyta náttúruöflin landinu, á völdugri vegu en mannskepnan fær ráðið við.

Þótt brýnt sé að líta fram á veg er öllum hollt að muna líka hið liðna. Hér erum við saman komin í Bændahöllinni í Reykjavík, höfuðstað landsins. Sú var tíð að góðum bómönnum þótti lítið til þessara slóða koma. Áður en geldingar Ísólfis nutu sín í grónum dölum Reykjanesskaga þræddu Vífill og Karli, þrælar Ingólfs, strandlengjuna hér syðra í leit að öndvegissúlum höfðingjans. Frá því segir í lagi Spilverks þjóðanna: „Fornar súlur, flutu á land í den tíð. Þrælahyski þefaði upp brakið.“ Frásögn Landnámu er með svipuðum hæðnis- og hneykslunarbrag: „Til ills fórum vér um góð héruð, er vér skulum byggja útnes þetta,“ mun Karli hafa sagt þegar Ingólfur gerði sér bústað í Reykjavík með Hallveigu sinni.

Kannski má segja að Karli sé fyrsti strámaður Íslandssögunnar, sem sagt sá sem ýkir og elur á misskilningi eða missætti. Auðvitað varpa ég þessu fram í hálfkæringi en um okkar daga þurfum við allra síst á því að halda að aukið sé á meting milli sveita og borgar, milli hefðbundinna atvinnuvega og hinna nýrri. Heldur margir stóðu í því á liðinni öld.

Það kemur öllum til góða að taka frekar höndum saman. Þá breytum við landinu til batnaðar og þess viðhorfs hefur löngum gætt á Bessastöðum. Hver veit nema Karla hefði á sínum tíma litist betur á staðhætti þar en hér. Kostajörð var á Bessastaðanesi, útræði og fuglanytjar. Um aldamótin 1600 er frá því greint að á Bessastöðum hafi verið nær hundrað nautgripir á fóðrum og nær 200 sauðfjár. En síðan hallaði undan fæti. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá byrjun 18. aldar segir að á Bessastöðum séu þrjár kýr og var hún Snorrabúð orðin stekkur, löngu áður en skáldinu Jónasi flaug sú frábæra líking í hug.

Síðan kom blómaskeið, eða í það minnsta garðyrkjuskeið. Erlendir barónar, amtmenn og stiftamtmenn reyndu að rækta grænmeti í stórum stíl, kál, rófur og kartöflur, sykurertur og kúmen og má enn sjá merki þess á Bessastaðanesi.

Nú gerum við langa sögu stutta. Árin milli stríða var hafist handa við að ræsa landið fram. Skurðir voru grafnir þvers og kruss. „Landið er óðum að fríkka og skipta um svip,“ segir í bók um Bessastaði skömmu eftir lýðveldisstofnun, „og hvít húsin með rauðum þökum rísa upp úr grænum ökrum og túnum“.

Á þessum árum hlúði Georgía Björnsson að garðrækt á staðnum og Sveinn Björnsson vildi að Bessastaðir yrðu myndarþú, tákn þess að hægt væri að nýta landið í sama mæli hér og í suðlægari löndum, ekki síst Danmörku. Ásgeir Ásgeirsson var sama sinnis en smám saman veikluðust stoðirnar undir búskapinn. Þegar bóndasonurinn Kristján Eldjárn settist að á Bessastöðum lá fyrir að hann legðist af.

Áfram þótti staðurinn þó virðulegur og glæstur, í tíð Kristjáns og síðar okkar hinna, mín, Vigdísar Finnbogadóttur og Ólafs Ragnars Grímssonar. Hugmyndir um nýtingu landsins breyttust hins vegar og gera eflaust áfram. Á lokaárum forvera míns í embætti var byrjað að moka ofan í sömu skurði og voru grafnir snemma á síðustu öld og sá mokstur hefur haldið áfram, í þágu umhverfis og náttúru; við sjáum nú þegar að vaðfuglar kunna vel að meta þetta mannanna verk, þetta afturhvarf til fortíðar sem er þó svo nútímalegt. Boðskapurinn er ekki sá að hvarvetna skuli fylla upp í skurði, að hvarvetna skuli endurheimta votlendi, að allt sé klappað og klárt í þeim efnum. Við Íslendingar þurfum hins vegar að sýna í verki að við viljum leggja okkar af mörkum í þágu umhverfisverndar, að við viljum nýta landsins gæði á sjálfbæran hátt.

Það er meðal annars verkefni þessa þings, að horfa ekki með söknuði til liðins tíma heldur bjartsýn fram á veg. Nýlega var brugðið búi að Keldum á Rangárvöllum, um þúsund árum eftir að land var brotið til ræktunar þar. Kýr baula ekki lengur í Skálholti, í fyrsta sinn í þúsund ár. Og Bændahöllin er til sölu. Allt er í heiminum hverfult, kvað Jónas, sorgmæddur en hann blés löndum sínum samt dug í brjóst. Breytingar krefjast hugrekkis en líka virðingar fyrir því liðna, sagði Vigdís Häsler, nýráðin framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, réttilega í ávarpsorðum sínum, og áfram veginn er yfirskrift þessa þings. Megi ykkur öllum vegna vel í ykkar störfum, landi og þjóð til heilla.